

**3595. fundur bæjarráðs, haldinn í Mörk á Dalbraut 1,
fimmtudaginn 5. júní 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bærarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2312188 - Úttekt á rekstri og fjárhag

Umfjöllun um aðgerðir 2025.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri, Dagny Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sigurður Páll Harðason sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lagt fram.

Vinnunni verður framhaldið á næsta fundi bæjarráðs þann 12. júní nk.

Gestir víkja af fundi.

2. 2505226 - Krafa um stöðvun samningsgerðar vegna rekstur líkamsræktarstöðvar

Komin er fram krafa frá forsvarsmanni Sporthúsið ehf. um stöðvun samningsgerðar, áskilnað um skaðabætur o.fl. vegna líkamsræktar á Jaðarsbökkum.

Lögð fram greinargerð Landslaga vegna fyrirliggjandi kröfu.

Bæjarráð samþykkir greinargerðina sem svar Akraneskaupstaðar og felur bærarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

3. 2505171 - Sementsreitir útboð á byggingarrétti C4 og E

Skipulags- og umhverfiráð samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2025 að leggja til við bæjarráð að bjóða út fyrirliggjandi útboðsgögn á byggingarrétti á Sementsreit. Um er að ræða C4 og E reit.

Bæjarráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 27. maí sl. en frestaði afgreiðslu málsins.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tilboðsgögn dagsett í maí 2025 um að óska eftir tilboðum í byggingarrétt á Sementsreit, reitir C4 og E, sbr. skipulag á Sementsreit. Lágmarksgjöld í byggingarrétt, gatnagerðargjald innifalið, skulu vera eftirfarandi á hvern heimilaðan brúttófermetra húsnæðis:

*Íbúðarhúsnæði kr. 75.000.
Atvinnuhúsnæði kr. 30.000.
Bílaþjallari kr. 12.000.*

*Ofangreind lágmarksgjöld eru sett í samræmi við 2. mgr. 6. gr. gjaldskrár
Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022 og skulu verðbætt miðað
við byggingarvísitölu sbr. fyrirliggjandi tilboðsgögn.*

Samþykkt 3:0

4. 2505264 - Boðun ársfundar Brákar íbúðafélags hses 11. júní 2025

Boðun ársfundar Brákar íbúðafélags hses þann 11. júní 2025 kl. 11:30.

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.